

Uppgjör 3. ársfjórðungs 2022

27. október 2022

Ásta Sigríður Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Helstu niðurstöður 3F 2022**

- Árshlutareikningur

- Staða og horfur


Helstu niðurstöður á 3F 2022



Vörusala

35.146 m.kr.


+29,9% milli ára



Framlegð af vörusölu

20,1%


-5,3 p.p. milli ára



Laun/Framlegð af vörusölu

46,8%


+6,8 p.p. milli ára



EBITDA

3.067 m.kr.


-8,3% milli ára



EBITDA/Framlegð af vörusölu

43,4%


-5,3 p.p. milli ára



Handbært fé frá rekstri

1.318 m.kr.

-67,2% milli ára



Mikil söluaukning á þriðja ársfjórðungi 2022



- **Vörusala jókst um 29,9% milli ára** og hefur aldrei verið hærri í einum ársfjórðungi.
- **Góð magnaukning var á öllum sviðum rekstrar** en mikil hækkun hrávöruverða hafði töluverð áhrif, sérstaklega í eldsneytishluta rekstrarins, sem **lækkaði framlegðarstig heilt yfir um 5,3 p.p. milli ára.**
- Viðskiptavinir **leita í auknum mæli í ódýrari valkosti í dagvöruúrvali** og ljóst að aðgerðir Krónunnar með frystingu vöruverðs á 240 vörunúmerum hafa dregið að enn fleiri viðskiptavini.
- **Söluaukning ELKO í raftækjum var 16,6%** á ársfjórðungnum en á sama tíma eru vísbendingar um að raftækjamarkaðurinn hafi dregist saman um allt að 4% skv. Meniga.
- Opnun **verslana ELKO og Krónunnar** í Skeifunni 19 í byrjun júlí hafa skilað mikilli söluaukningu og viðtökur við **nýju verkstæði N1 í Klettagörðum** í septembermánuði góðar.
- **Reykjavíkurborg skrifaði undir tímamótasamning við N1 Rafmagn** um kaup á allri almennri raforku borgarinnar auk götulýsingar frá og með næstu áramótum.
- **N1 appið fór í loftið** og Skannað og skundað, sjálfsafgreiðslulausnin, var innleidd í allar verslanir Krónunnar.



Aukið framboð þjónustu og vara hjá N1



- **Fyrsta skóflustungan að nýrri þjónustumiðstöð á Flugvöllum í Keflavík tekin í september.** Þar verður þjónustustöð/verslun, dekkja- og smurverkstæði, eldsneytis- og rafhleðslustöðvar. Stefnt að opnun haust 2023.
- **Nýtt bílþjónustuverkstæði opnaði í Klettagörðum í september.** Viðtökur góðar og sterk bókunarstaða.
- Eftirspurn eftir **hjólbarðapjónustu** og **nýting dekkjahótela** sú mesta frá upphafi.
- **N1 keypti rekstur Djúsí af Gleðipinum í lok september 2022** eftir góðar viðtökur á stöðvum N1 í **Borgartúni, Borgarnesi og Hveragerði.** Næstu Djúsí staðir opna í **Háholti og á Bíldshöfða** á F1 2023.

Velkomin á
nýtt verkstæði í
Klettagörðum 4



N1 appið komið í loftið



- **N1 þjónustuappið er komið í loftið** þar sem hægt að **virka hleðslu á bílinn, bóka dekkjaskipti og smurþjónustu.**
- Notendur sjá kjör, punktstöðu og hreyfingar í **vildarþjónustu N1 ásamt sértilboðum.**
- Markmiðið með appinu er að bæta þjónustu, auðvelda samskipti og fjölga snertifletum við viðskiptavini.
- Næsta skref er að bæta við fleiri þjónustuleiðum fyrir viðskiptavini til að **afgreiða sig með einföldum hætti.**
- **Bjarki Már Flosason** var ráðinn í nýja stöðu **forstöðumanns stafrænnar þróunar N1.**
- Bjarki sinnti áður stöðu þróunarstjóra stafrænna lausna hjá N1 og starfaði fyrir það sem **markaðsstjóri Kreditkorta og þróunarstjóri greiðslulausna hjá Íslandsbanka.**
- Bjarki er með **B.Sc.-gráðu í alþjóðamarkaðsfræði** frá Háskólanum í Reykjavík.

Nú getur þú hlaðið bílinn með símanum

NÝTT N1 APP

App Store Google Play

N1

Við hlumum rafmagnsþrá alla ítið

07:06

Allar stöðvar

- N1 Skógarland
Skógarland 2, Skopavogur 8 mín
- N1 Önnurland
Önnurland 23, Skopavogur 8 mín


Vild Rafmagn

Bjarki Már Flosason

Um 20% af allri orku sem N1 seldi 2021 var hrein orka



- **N1 Rafmagn** hefur tvöfaldað veltuna frá árinu 2020 og stefnir í 3.000 m.kr. veltu árið 2022. Þúsundir heimila landsins komin í viðskipti.
- **Hraðhleðslustöðvar N1** er nú að finna um allt land eða á alls 11 stöðum. Fjölgum og eflum stöðvar á 6 stöðum á næstu mánuðum.
- **Um 20% af allri orku sem N1 seldi 2021** var hrein orka og er markmiðið að hækka hlutfallið á næstu misserum.
- **Tímamótasamningur gerður við Reykjavíkurborg** um kaup á allri almennri raforku frá næstu áramótum.
- **N1 Rafmagn** hlaut viðurkenningur Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki annað árið í röð.



Raforkukaup borgarinnar frá ON til N1 Rafmagns

Raforkukaup Reykjavíkurborgar ferast til N1 Rafmagns frá Orku náttúrunnar, dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, eftir að samningurinn var boðinn út í kjölfar úrskurðar kærunefndar útboðsmála.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Ljósmynd: Haraldur Guðjónsson

Guðrún Aðalsteinsdóttir nýr framkvæmdastjóri



Guðrún Aðalsteinsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Krónunnar

- Hún hefur starfað hjá Krónunni í tæp tvö ár, nú síðast sem **forstöðumaður stafrænnar þróunar og umbótaverkefna** og þar á undan sem **forstöðumaður innkaupa- og vörustýringar**.
- Guðrún er **rekstrarverkfræðingur** með M.Sc. frá Tækniháskólanum í Danmörku (DTU).
- Starfaði áður sem **forstöðumaður hjá Icelandair á rekstrarsviði** þar sem hún var ábyrg fyrir m.a. sölu og þjónustu í flugvélum félagsins, vörupróun, innkaupum, birgðastýringu og framleiðslu því tengdu.
- Hún hefur enn fremur alþjóðlega reynslu frá Nýja-Sjálandi og Danmörku á **sviði stefnumótunar og rekstrarumbóta**.



Hörður Már Jónsson nýr forstöðumaður stafrænnar þróunar

- Hörður Már hóf störf hjá Krónunni fyrir tæpum fjórum árum í sérverkefnum beint undir framkvæmdastjóra.
- Hann hefur tekið þátt í **þróun og rekstri Snjallverslunar frá upphafi**.
- Hann er **fyrrum ráðgjafi og partner hjá Expectus og Capacent** á sviði viðskiptagreindar og áætlunargerðar.
- Áður leiddi hann einnig **viðskiptagreind og gagnaheilindi hjá WOW air**.
- Hörður er **tölvunarfræðingur** frá Háskóla Íslands.



Opnun nýrra verslana og ánægja með snjallvæðingu


- **Ný 1.500 fermetra Krónuverslun var opnuð í júlí í Skeifunni 19** – ein af glæsilegustu verslunum félagsins og viðtökurnar eftir því góðar.
- **Endurnýjanir og uppfærslur á öðrum verslunum halda áfram en Krónan í Árbæ** er á lokametrum uppfærslu og Krónan í Mosfellsbær í miðjum framkvæmdum.
- Framkvæmdir við nýja **stórverslun Krónunnar á Akureyri** í fullum gangi og stefnt er á **opnun í byrjun desember**. **Snjallverslun** opnar á nýju ári þar sem **heimsendingar verða m.a. í boði**.
- Nýverið var **lengdur opnunartími í völdum verslunum Krónunnar** og stefnt er á lengingu í tveimur öðrum verslunum síðar á árinu. Hefur mælst vel fyrir hjá viðskiptavinum.
- „**Skannað og skundað**“ **sjálfsafgreiðslulausn Krónunnar** hefur nú verið inleidd í allar verslanir Krónunnar. Mikil aukning á notkun lausnarinnar.
- **Snjallverslun Krónunnar** á mikilli siglingu og **hlaut fyrstu verðlaun í meðmælakönnun Maskínu** í flokknum smásöluverslanir með næsthæsta NPS skorið þvert á 145 fyrirtæki.
- **Krónan hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2022** fyrir framlag til aukins fjölbreytileika og jöfnuðar kynja í stjórnunarstöðum.



Þróun verðlags og ástand á hrávörumörkuðum



- Skýr merki þess að **neytendur hafa breytt neyslumynstri sínu** og eru í auknum mæli að **færa sig yfir í ódýrari valkosti** í ljósi verðlagsþróunar.
- Áframhaldandi þrýstingur á framlegð þar sem **ástand á hrávörumörkuðum áfram erfitt** sem og miklar hækkunarir á orku- og gasverði erlendis.
- Áskoranir framundan í mörgum vöruflokkum, s.s. **hveiti, sykri og kaffi** svo eitthvað sé nefnt. Mikil **hækkun á lambakjöti** á innanlandsmarkaði er einnig áhyggjuefni.
- **Leitum leiða í hvívetna til að hagræða í verðum og sporna við auknum kostnaði í aðfangakeðjunni.**
- Gert er ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram meðan ástandið er litað af stríðsátökum í Austur-Evrópu.



Heimildir: Mintec

Aukning í sölu ELKO og hringrásarferli raftækja



- Vísbendingar eru um að raftækjamarkaðurinn hafi dregist saman um allt að 4% skv. Meniga á meðan **söluaukning ELKO í raftækjum var 16,6% á ársfjórðungnum.**
- **Samlegðaráhrifin af nýrri staðsetningu ELKO í Skeifunni** við hlið Krónunnar eru sterk en söluaukning milli ára á svæðinu í ársfjórðungnum er 32%.
- **Verslun ELKO á Keflavíkurflugvelli komin á flug** eftir COVID með 130% söluaukningu milli ára á þriðja ársfjórðungi 2022.
- **ELKO hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar** Félags kvenna í atvinnulífinu fyrir framlag til aukins fjölbreytileika og jöfnuðar kynja í stjórnunarstöðum.
- ELKO jafnframt framúrskarandi fyrirtæki á lista **Creditinfo 2022.**
- **Foreldrafræðsla haldin um rafíþróttir** og heilbrigða nálgun í þeim efnum.
- **Hringrásarverkefni ELKO „Fáðu eitthvað fyrir ekkert“** hlotið góðar viðtökur en ELKO kaupir notaða snjallsíma, leikjatölvur, fartölvur, spjaldtölvur og snjallúr af viðskiptavinum. Tækin eru gerð upp af erlendum sérfræðingum eða nýtt í varahluti sem svo eru tekin aftur í sölu í ELKO. **Nú þegar hafa selst yfir 1.600 endurunnin raftæki.**



ELKO opnar á nýjan vöruflokk í næsta mánuði



- ELKO mun bjóða viðskiptavinum sínum upp á **nýjan vöruflokk raftækja** frá og með næsta mánuði.
- Svokallaðar unaðsvörur fara í sölu í tengslum við dag einhleypra (e. Singles Day).
- Markaðurinn að þróast og eflast og **mikil tækifæri í sölu** á þessum markaði.
- Fylgjumst spennnt með **viðbrögðum viðskiptavina sem hafa kallað eftir þessum vöruflokki.**



Áhersla á ánægju starfsfólks og góð samskipti



- Öll félögin sem starfa innan Festi hafa nú innleitt **starfsmannasamskiptaforritið Relesys**.
- Eflir innri samskipti og **upplýsingagjöf**.
- **Rafræn námskeið og þjálfun** í boði – samstarf við Akademias.
- **Auðveldara aðgengi** að mannauðsteymi félaganna og starfsfólki **þvert á félögin**.



- Helstu niðurstöður 3F 2022
- **Árshlutareikningur**
- Staða og horfur


Rekstur samstæðunnar á 3F 2022




- **Tekjur af vöru og þjónustusölu** jukust um 8,1 ma. kr. eða 29,9% á milli ára. Stærsti tekjufjórðungur samstæðunnar frá upphafi.
- **Framlegð af vörusölu** nam 7.063 millj. kr. Aukningin nam 189 millj. kr. eða 2,7% á milli ára.
- **Miklar hækkanir á hrávöru-, flutnings og dreifingarkostnaði** í samanburði milli ára auka veltu og lækka framlegðarstig.
- **Einskiptistekjur** 357 millj. kr. og **einskiptisgjöld** 76 millj. kr. sem koma inná fjórðunginn.
- **Viðbótarkostnaður** einnig inni vegna **nýfjárfestinga** í verslunum, verkstæðum og veitingastöðum.
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.307 millj. kr., hækkun um 555 millj. kr. eða 20,2% milli ára.
- **Stöðugildi** voru 1.326, aukning um 110 eða 9% á milli ára.
- **EBITDA** 3.067 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2022, lækkun um 279 millj. kr. eða 8,3% milli ára.

Milljónir króna	3F 2022	3F 2021	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	35.146	27.064	8.083	29,9%
Framlegð af vörusölu	7.063	6.875	189	2,7%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	801	534	267	50,0%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(3.307)	(2.752)	(555)	20,2%
Annar rekstrarkostnaður	(1.491)	(1.311)	(180)	13,7%
EBITDA	3.067	3.346	(279)	-8,3%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	43,4%	48,7%	-5,3%	-10,8%
Laun/framlegð af vörusölu	46,8%	40,0%	6,8%	16,9%
Hagnaður á hlut	5,10	7,10	-2,00	-28,2%


Vörusala



Framlegð af vörusölu %



EBITDA




Ytri áhrifapættir 3F 2022




- **Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli 3F 2021 og 3F 2022:**
- **Meðalverð gasolíu** var 1.195 dollarar í samanburði við 606 dollara á 3F 2021, hækkun um 97%.
- **Meðalverð á bensíni** var 1.201 dollarar í samanburði við 734 dollara á 3F 2021, hækkun um 64%.

Verðþróun á Mogas 95 og Diesel



- **Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 3F 2022:**
- **USD styrktist** um 8,6% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 3F nam 9,3%.
- **EUR styrktist** um 1,6% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 3F nam 3,1%.

Próun á gengi gjaldmiðla




Framlegð af vörusölu á 3. ársfjórðungi




- **Aukin vörusala** í öllum flokkum milli ára en **framlegðarstig lækkar** vegna gríðarlegrar hækkunar á hrávöruverðum og alþjóðlegrar verðbólgu.
- **Framlegðarhlutfallið á 3F 2022 var 20,1%** og lækkar um 5,3 p.p.
- **Framlegð í krónum eykst** í öllum flokkum frá 3F 2021 **nema eldsneyti**.
- **Framlegð af dagvöru í krónum eykst um 7,1%** frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn minnkar um 19,9%**, **raftæki aukast um 20%** og **aðrar vörur aukast um 16,6%** milli ára.
- **Heildarframlegð eykst um 2,7%** og er 7.063 millj. kr. á fjórðungnum samanborið við 6.875 millj. kr. á 3F 2021.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn



Raftæki



Aðrar vörur og þjónusta




Laun og starfsmannakostnaður á 3F 2022



- Laun og starfsmannakostnaður hækkar um 555 millj. kr. á milli ára.
- Stöðugildum fjölgar um 110 milli ára og nemur hækkunin um 249 millj. kr.
 - Nýjar verslanir Krónunnar og ELKO, nýtt verkstæði N1 ásamt nýjum útsölustöðum skýra aukninguna milli ára.
- Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana nemur 131 millj. kr. en tvær samningsbundnar launahækkningar voru milli tímabila, í janúar og apríl 2022.
- Aðrir liðir hækka um 162 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld samtals 3F 2021	2.752
Stöðugildi - breyting	249
Samningsbundnar launahækkningar	131
Orlofsskuldbinding	15
Starfsmannakostnaður	(2)
Annað	162
Laun og launatengd gjöld samtals 3F 2022	3.307




Starfspáttayfirlit samstæðunnar fyrir 3F 2022




Milljónir króna	N1	Krónan	Elko	Önnur félög	Samtals
Tekjur utan samstæðu	17.531	13.479	4.488	431	35.928
Tekjur innan samstæðu	67,1	30,0	3,5	1.611	1.712
Heildartekjur starfspátta	17.598	13.509	4.491	2.043	37.640
Heildarrekgjöld starfspátta	(16.211)	(12.449)	(4.002)	(1.023)	(33.685)
EBITDA starfspátta	1.386	1.060	489	1.020	3.955
Afskriftir starfspátta	(660)	(449)	(144)	(256)	(1.509)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	0	65	65
EBIT rekstrarafkoma starfspátta	726	612	345	829	2.512
Hrein fjármagnsgjöld	(129)	(110)	(28)	(627)	(893)
Áhrif hlutdeildarfélaganna og tap af sölu eignarhl.	0	0	0	216	216
Tekjuskattur	(119)	(100)	(63)	(35)	(318)
Hagnaður ársfjórðungsins	478	402	254	382	1.516
Eignir starfspátta	28.200	18.733	4.896	41.387	93.215
Fjárfestingar starfspátta	816	1.244	471	1.804	4.335
Skuldir starfspátta	18.629	13.394	3.159	24.378	59.561

EBITDA starfspátta



Eignir starfspátta



N1 - Helstu niðurstöður á 3F 2022



- Tekjur námu 17.598 millj. kr., aukning um 5.850 millj. kr. eða 49,8% á milli ára.
- Sala á eldsneyti og rafmagni jókst milli ára um 5.538 millj. kr. eða 71,5% á milli ára. Salan nam 65,6 millj. lítrum sem er 13,2% meiri en á síðasta ári en verðhækkun eldsneytis milli fjórðunga hefur hér önnur áhrif.
- Sala á öðrum vörum jókst um 132 millj. kr. eða 6,5% milli ára. Mikil aukning í smurolíu, gasi og efnavörum.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.457 millj. kr., og er samdráttur um 362 millj. kr. eða 19,9% milli ára. Neikvæður mismunur í hagnaði eldsneytisvarna nemur 192 millj. kr. en einnig lægri framlegð per líter, sérstaklega bensíni.
- Framlegð af öðrum vörum og þjónustu nam 858 millj. kr., aukning um 122 millj. kr. eða 16,6% á milli ára.
- EBITDA var 1.386 millj. kr. sem er samdráttur um 356 millj. kr. eða 20,4% á milli ára.

 **95**
Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **11**
Hjólbarða- og
smurverkstæði

 **13**
Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

	3F 2022	3F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	17.598	11.748	5.850	49,8%
Heildargjöld	(16.211)	(10.005)	(6.206)	62,0%
EBITDA	1.386	1.742	(356)	-20,4%
EBITDA-hlutfall	7,9%	14,8%	-7,0 p.p.	-46,9%
EBIT	726	1.123	(397)	-35,4%
EBIT-hlutfall	4,1%	9,6%	-5,4 p.p.	-56,9%
Hagnaður	478	658	(180)	-27,4%

Krónan - Helstu niðurstöður á 3F 2022



- Tekjur 13.509 millj. kr. hækkun um 1.735 millj. kr. eða 14,7% á milli ára.
- Nýjar verslanir í Borgartúni og Skeifunni en annarri lokað í sama hverfi. Like for like tekjur eru að hækka um 7% milli ára.
- Ástand á hráefnismörkuðum erfitt vegna stríðsins í Úkraínu sem hefur áhrif á verð og vöruframboð.
- Áframhaldandi hækkunir í öllum vöruflokkum á fjórðungnum og er framlegarstig undir þrýstingi vegna þessa.
- Leitað er allra leiða til að tryggja vöruúrval og auka hagkvæmni til að vinna gegn þeim verðhækkunum sem nú ganga yfir.
- EBITDA 1.060 millj. kr., sem er sama niðurstaða og árið áður.

 **26**
Matvöruverslanir


Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með Svansvottun

 **5 ár**
Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

	3F 2022	3F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	13.509	11.774	1.735	14,7%
Heildargjöld	(12.449)	(10.713)	(1.736)	16,2%
EBITDA	1.060	1.061	(1)	-0,1%
EBITDA-hlutfall	7,8%	9,0%	-1,2 p.p.	-12,9%
EBIT	612	701	(89)	-12,8%
EBIT-hlutfall	4,5%	6,0%	-1,4 p.p.	-24,0%
Hagnaður	402	477	(75)	-15,8%

ELKO - Helstu niðurstöður á 3F 2022



- Tekjur 4.491 millj. kr., aukning um 644 millj. kr. eða 16,7% á milli ára.
- Með auknum fjölda ferðamanna ásamt ferðalögum Íslendinga þá eru verðslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að ná sér á strik, gríðarleg aukning eða 130% milli ára.
- Aukning veltu einnig í vefverslun en minnkun í öðrum verslunum.
- Framlegðarstig svipað milli ára en þrýstingur vegna verðhækkana frá birgjum.
- EBITDA 489 millj. kr. sem er hækkun um 38 millj. kr. eða 8,5% á milli ára.



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2022



Fyrirmyndarfyrtæki
VR 2022

	3F 2022	3F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	4.491	3.847	644	16,7%
Heildargjöld	(4.002)	(3.396)	(606)	17,8%
EBITDA	489	451	38	8,5%
EBITDA-hlutfall	10,9%	11,7%	-0,8 p.p.	-7,1%
EBIT	345	329	16	4,7%
EBIT-hlutfall	7,7%	8,6%	-0,9 p.p.	-10,3%
Hagnaður	254	251	3	1,3%

Önnur félög - Helstu niðurstöður á 3F 2022

BAKKINN
vöruhótel

FESTI
fasteignir

- Tekjur 2.043 millj. kr., aukning um 174 millj. kr. eða 9,3% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna 868 millj. kr. samanborið við 894 millj. kr. á 3F 2021.
- Eigin not húsnæðis eykst í 88% samanborið við 85% á 3F 2021, aukning um 3 p.p.
- Sala 4 fasteigna á þriðja og fjórða ársfjórðungi 2021 lækkar EBITDA samstæðu í samanburði milli ára um 45 millj. kr.
- EBITDA 1.020 millj. kr. hækkar um 46 millj. kr. eða 4,8% á milli ára.

 **83**
Eignir í eigu
samstæðunnar

 **97%**
Húsnæðis í útleigu

 **88%**
Eigin not húsnæðis


	2F 2022	2F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	2.043	1.869	174	9,3%
Heildargjöld	(1.023)	(896)	(127)	14,2%
EBITDA	1.020	973	46	4,8%
EBITDA-hlutfall	49,9%	52,1%	-2,2 p.p.	-4,1%
EBIT	829	1.396	(567)	-40,6%
EBIT-hlutfall	40,6%	74,7%	-34,1 p.p.	-45,7%
Hagnaður	382	1.013	(630)	-62,2%

Efnahagsreikningur 30.9.2022




Milljónir króna	30.9.2022	31.12.2021	Breyt.	%
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.567	4.744	(178)	-3,7%
Rekstrarfjármunir	34.017	32.544	1.473	4,5%
Leigueignir	7.978	6.155	1.822	29,6%
Fjárfestingarfasteignir	6.494	6.100	393	6,4%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.478	2.324	154	6,6%
Eign í öðrum félögum	14	13	1	9,3%
Langtímakröfur	238	228	10	4,4%
Fastafjármunir alls	70.454	66.778	3.676	5,5%
Birgðir	13.990	9.545	4.445	46,6%
Viðskiptakröfur	6.650	4.757	1.892	39,8%
Aðrar skammtímakröfur	977	889	88	9,9%
Handbært fé	1.144	4.003	(2.858)	-71,4%
Veltufjármunir alls	22.761	19.194	3.567	18,6%
Eignir samtals	93.215	85.972	7.243	8,4%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- **Traustur efnahagsreikningur.**
- Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir **hækka um 1.866 vegna mikilla fjárfestinga** frá áramótum.
- Leigueignir **hækka vegna nýrra leigusamninga** vegna verslana
- Vörubirgðir og viðskiptakröfur **hækka í takt við hækkanir á hrávörumörkuðum**, opnun nýrra verslana og vegna árstíðarsveiflu í rekstri.
- **Handbært fé 1.144 millj. kr. í lok þriðja ársfjórðungs** sem er 2.858 millj. kr. lækkun frá áramótum.

Efnahagsreikningur 30.9.2022



Milljónir króna	30.9.2022	31.12.2021	Breyt.	%
Eigið fé	33.654	33.910	(256)	-0,8%
Skuldir við lánastofnanir	25.315	25.930	(615)	-2,4%
Leiguskuldir	7.646	5.869	1.777	30,3%
Tekjuskattskuldbinding	6.289	5.590	699	12,5%
Langtímaskuldir alls	39.249	37.388	1.861	5,0%
Skuldir við lánastofnanir	3.987	1.382	2.605	188,5%
Leiguskuldir	697	554	143	25,9%
Viðskiptaskuldir	6.587	7.022	(435)	-6,2%
Aðrar skammtímaskuldir	9.041	5.716	3.325	58,2%
Skammtímaskuldir alls	20.311	14.673	5.638	38,4%
Skuldir og eigið fé alls	93.215	85.972	7.243	8,4%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA




- **Eiginfjárhluftfall 36,1% í lok þriðja ársfjórðungs.**
- **Kaup á eigin bréfum fyrir 1.932 millj. kr. fyrstu níu mánuði ársins og greiddur arður til hluthafa 1.563 millj. kr.**
- **Afborganir af vaxtaberandi lánum námu 894 millj. kr. fyrstu níu mánuði ársins.**
- Aðrar skammtímaskuldir hækka í takt við árstíðarsveiflu og aukin umsvif.
- Fjármagnsskipan samstæðunnar er í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.

Sjóðstreymi samstæðunnar á 3F 2022



- **Handbært fé frá rekstri nam 1.318 millj. kr. og lækkar um 2.703 millj. kr.** milli ára vegna aukinnar fjárbindingar í vörubirgðum og viðskiptakröfum.
- **Neikvæð áhrif á síðasta degi mánaðar** að fjárhæð 2.100 millj. kr. snúast við á fjórða ársfjórðungi **sem jákvæð áhrif** á þann fjórðung.
- **Fjárfestingar námu 1.220 millj. kr.** á 3F 2022, aukning um 673 millj. kr. milli ára.
- **Kaup á eigin bréfum** námu 901 millj. kr.
- **Afborganir af vaxtaberandi lánum og leiguskuldum** námu 586 millj. kr.
- Lækkun handbærs fjár á 3F 2022 nam 941 millj. kr.

Milljónir króna	3F 2022	3F 2021	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	2.085	3.134	(1.050)	-33,5%
Handbært fé frá rekstri	1.318	4.022	(2.703)	-67,2%
Fjárfestingar	(1.220)	(546)	(673)	123,2%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	393	919	(526)	-57,2%
Viðskipti við hluthafa	(901)	(390)	(512)	131,2%
Viðskipti við lánastofnanir	(586)	(2.897)	2.312	-79,8%
Gengismunur af handbæru fé	55	4	51	1257,1%
Handbært fé í lok tímabils	1.144	4.245	(3.101)	-73,0%



- Helstu niðurstöður 3F 2022
- Árshlutareikningur
- **Staða og horfur**

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX




Hluthafar (10 stærstu)

	%
Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild	11,4
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	11,1
Gildi - lífeyrissjóður	9,4
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	7,9
Birta lífeyrissjóður	6,8
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,6
Stapi lífeyrissjóður	4,5
Festa - lífeyrissjóður	3,8
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,6
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0

Markaðsupplýsingar

Útgefnir hlutir	308 m.
Markaðsvirði í lok sep. 2022	59.453 m.kr.
Markaðsvirði í lok sep. 2021	69.990 m.kr.
Fjöldi hluthafa	1.229



Staða og horfur 2022



Afkomuspá ársins 2022

- EBITDA spá Festi fyrir árið 2022 er hækkuð um 200 millj. kr. og er nú áætluð á bilinu 10.000 – 10.400 millj. kr.

Forsendur og áhætta:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð.
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands.

Helstu atriði:

- Rekstur fjórðungsins gekk í samræmi við áætlanir.
- Vörusala fjórðungsins sú hæsta frá upphafi. Aukning sölu í öllum vöruflokkum.
- Áframhaldandi hátt verð á hrávörumörkuðum á fjórðungnum.
- Áframhaldandi há verðbólga á alþjóðamörkuðum þ.m.t. Íslandi setur mikinn þrýsting á framlegðarstig.
- Unnið þétt með birgjum til að tryggja vöruframboð og leitað allra leiða til að ná fram hagkvæmni til að vinna á móti verðhækkunum sem nú ganga yfir.

Fjárfestingar og viðskipti við hluthafa:

- Fjárfestingar á 3F 2022 námu 1.220 millj. kr. og samtals 4.335 millj. kr. fyrstu níu mánuði ársins.
- Fjárfestingar áætlaðar 5.500 millj. kr. árið 2022.
- Keypt eigin bréf á 3. ársfjórðungi 2022 fyrir 901 millj. kr. og samtals fyrir 1.932 millj. kr. á árinu.
- Arður að fjárhæð 1.563 millj. kr. greiddur til hluthafa á árinu.

Forstjóri í fæðingarorlof



- Forstjóri Festi, Ásta S. Fjeldsted, fer í fæðingarorlof frá og með 1. nóvember 2022 nk.
- Staðgengill hennar er Magnús Kr. Ingason, sem mun bæði gegna hlutverki forstjóra sem og hlutverki fjármálastjóra á meðan fæðingarorlofi stendur

Takk fyrir



Fyrirvarar



- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttu sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.